

Fundur 24.6.2024 Rósalynn Carter. Bandarísk kona,

Komið þið öll blessuð og sæl,

*Sæll.*

Heilsa ég ykkur, mikil eru undrin heimsins og undrið ekki það smæsta að vera komin hingað og geta sagt frá lífi sínu. Hef ég margsinnis talað yfir geimdjúpið með þessum hætti, en alltaf þegar ég hef talað við fólk á gömlu jörðinni, hefur það talið mig vera anda.

En er þetta í fyrsta skipti sem mér er tjáð að til sé hópur á gömlu jörðinni sem hafi vísindalegar hugmyndir um framlífið og sé tilbúið að taka við boðskap okkar án þess að rangtúlka hann og koma með eigin skýringar á eftir.

Gleður það mig mjög og er nú margt í þessu sem er mér framandi enn þá og samböndin ganga misvel en ber ég miklar vonir í brjósti um það að samband þetta geti bæði orðið mér og okkur hér að gagni og ykkur.

Og muni það vera einnig lítill dropi af mörgum sem muni hola steininn í þá átt að koma sannleikanum til skila á gömlu jörðinni og mun ekki vera vanþörf á því, þar sem ég finn skýrt og greinilega fyrir því að þjóðirnar eru á helstefnu braut eins og þið kallið það og hef lært að kalla það.

Og skyn mitt var svo skarpt að jafnvel undir endalokin á æfinni gerði ég mér grein fyrir því að margt mátti betur fara á jörðinni gömlu og hafði ég lengi gert mér grein fyrir því.

En þegar ég kom á þessa framlífs jörð varð það allt miklu skýrara og fjölmargt sem ég hafði ekki hugmynd um og var það því mér mikil undrun að átta mig á staðháttum og þessum kenningum sem hér liggja til grundvallar, sem ég vissi alls ekki um.

Og vissi ég þó vel af því að Ísland var til og gerði mér grein fyrir því að merkilegar fornsögur komu frá því landi.

En gerði ég mér ekki grein fyrir því að á því landi hefði verið fyrsti maðurinn sem uppgötvaði þetta undirstöðu lögmál í tilverunni og var það mér mikið undrunarefni og uppgötvun er ég hingað kom, og mikið fagnaðarefni vissulega.

Gæfa mín er sú að er ég hingað kom, biðu mín ættir þær sem höfðu hjálpað manni mínum á gömlu jörðinni til þess að komast áfram og biðu mín hér ættingjar mínir og aðrir framlíðnir sem höfðu hjálpað okkur til þess að komast til valda og áhrifa og höfðu aukið okkur afl og visku á gömlu jörðinni, og hef ég verið þakklát að kynnast því fólk.

En einnig hef ég hér á þessari framlífs jörð gert mér betur grein fyrir öllum þeim miklu erfiðleikum sem við er að etja og hér eru einnig nokkur félagsleg vandamál og barátta á milli kynþáttanna og ólíkra menningar hópa af öðru tagi sem vilja komast að og til valda.

Og má því með sanni segja að ég hlakki til að taka til óspilltra málanna að reyna að greiða úr þeim málum eins og mér er treyst til.

Er ég þakklát fyrir að hafa haldið andlegri heilsu undir það síðasta og fer mikið af minni orku í að senda fjölskyldu minni og eiginmanni orku og halda þeim á lífi og hugsa ég mikið til þeirra og hefur þetta verið mikið ævintýri að koma hingað og upplifa upp á nýtt tilveruna og læra sífellt eitthvað nýtt.

Þykir mér mest um vert að hafa lært það að vandamál einnar jarðar, verða ekki leyst án þess að hjálpa öðrum hnöttum á framfara brautina og gömlu jörðina þar með.

Hefur það þó glatt mig að mannréttindamálin eru hér í góðu ásigkomulagi en nokkuð ber á nauðgunum negra og minnihluta hópa og ofbeldisverknuðum þeim sem áttu sér stað á gömlu jörðinni og finn ég að um leið og búið verður að jafna kjörin, munu þau vandamál leysast.

Og hef fulla trú á því að sá mikli árangur sem náðst hefur á þessari framlífs jörð, muni leiða til fullkomins jöfnuðar og annað sem er mér hugleikið mál er að ég hef farið í tölfræðina yfir það hversu margir sem taldir voru andlega veikir í þessu þjóðfélagi hafi náð heilsu og hafa látið samfélagið geta notið krafta sína og það er hærrí prósentu en á jörðinni og finnst mér það mikils vert.

Hefði ég gjarnan viljað heimsækja Ísland, en ekki kom til þess, en var mér tjáð að samband þetta myndi hafa góð andleg áhrif landanna á milli og hnattanna á milli og í framtíðinni munu eflaust verða slíkir sambandsfundir haldnir í mínu heimalandi, rétt eins og ykkar starfsemi mun væntanlega eflast og samböndin verða greiðari landanna og hnattanna á milli.

Ætla ég nú að kveðja og þakka fyrir mig og vona að mér takist að segja til nafns, er ég tiltölulega nýkomin á þennan hnött, það eru nokkrir mánuðir.

Rósalygn Carter, Bandarísk kona, verið þið blessuð og sæl og þakka ég fyrir mig og hleypi ég næsta að.

Verið þið sæl.

*Vertu sæl.*